

Stjórnarfundur nr. 11

14. janúar 2009 kl.15:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Gunnlaugur Valtýsson, Jóna Th. Viðarsdóttir, Friðrik Lunddal, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. **Fulltrúar frá íþróttadeild mæta á fundinn kl.16:30** **A-2185a**
Mættir: Anna Birna Björnsdóttir, Arnheiður Runólfssdóttir, Guðrún Katrín Jóhannsdóttir, Hallgerður Kata Óðinsdóttir.
2. **Innra vefkerfi – staða**
3. **NKU fundur í byrjun 7. janúar**
Erindi sent á fundinn þar sem það þótti of dýrt að senda fulltrúa. Fundargerð hefur borist. Breytingar verðar settar inn í núverandi sýningareglur okkar til samþykktar í sýningastjórn og stjórn HRFÍ.
4. **NKU fundur í Reykjavík 21. ágúst 2009**
Undirbúningur.
5. **Samstarfssamningur við Dýrheima sf. umboðsaðila** **A-2185**
Royal Canin vegna unglingsdeildar undirritaður 18.12.08.
6. **Nýr ritstjóri Sáms** **A-2185b**
7. **Veiðiprófanefnd fyrir tegundahóp 7** **A-2185c**
8. **Umsókn um veiðipróf frá Vorstehdeild** **A-2186** **A-2186a**
9. **Bréf frá Vorstehdeild vegna breytinga á veiðiprófareglum fyrir th.7** **A-2186b/A-2186c**
10. **Bréf frá deild þýska fjárhundsins** **A-2187 / A-2187a**
11. **Bréf frá Retrieverdeild. Umsókn um 11 B-veiðipróf og sýningu** **A-2188/A-2188a**
12. **Bréf frá fulltrúa HRFÍ vegna veiðiprófs 18.-19. okt. sl. nr.500508** **A-2189**
Samþykkt
13. **Bréf frá prófstjóra vegna veiðiprófs 18.-19. okt. sl. nr.500508** **A-2190**
Samþykkt
14. **Grundvallarreglur SKK frá 1.jan.2009. Ath.breytingar. Frestað**
15. **Bréf frá Spítzhundadeild um ræktunarkröfur.** **A-2191/A-2191a**
Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ Samþykkt.
16. **Nýr titill hjá FCI**
Circular frá FCI 26.11.208
Bréf frá FCI til HRFÍ 2.12.2008.

Á stjórnarfundum FCI þann 3. og 4. sept.2008 var borin upp ósk um nýjan titil fyrir vinnu- og veiðihunda án þess að þurfa að fara í vinnu-eða veiðipróf til þess að gefa eigendum slíkra hunda, sem ekki hafa áhuga á því að vinna með hunda sína en njóta þeirra sem gæludýra, tækifæri til að gera þá að alþjóðlegum meisturum. Vegna þess er sérstakur titill orðinn til C.I.E. (Int.Show Ch.) sem tók gildi 1. janúar 2009.

Þess má geta í framhjálaupi að Americas and Carib Section FCI sem og Asian Section gera ekki kröfu um vinnu- eða veiðipróf til að ná titlinum C.I.B. – International Beauty Champion. (samþykkt á stjórnarfundum FCI 31.okt.-1. nóv. 2007). Á þessum sama fundi kemur fram að Kari Järvinen, formaður

FKK og dómari, telur að fjögur CACIB ættu að duga fyrir titilinn C.I.B. og engra vinnu- og veiðiprófa ætti að krefjast. Hann segir að ef hundur er C.I.B. og að auki C.I.T.(Int.Working Ch.) þá ætti viðkomandi hundur að hljóta titilinn C.I.B.&T.

17. Bréf frá ræktunardeildum um niðurfellingu vinnuprófa varðandi meistarareglur

A-2192

Fjár- og hjarðhundadeild (30.08.2007 og 4. desember 2008)

Boxerdeild (29. október 2008)

Grefil- og sporhundadeild (23. október 2008)

Ensk cockerspanieldeild (25.febrúar 2008)

Stjórn ákvað á fundi fyrri part ársins 2008 að endurskoða sýningarreglugerð m.t.t. meistaratitla.

Tillaga að breytingu:

Nýr íslenskur sýningameistartitill (ISSCH) sbr. nýjan titil hjá FCI (C.I.E. – international show champion) fyrir hundategundir sem þurfa að skila vinnu-eða veiðiprófi.

Til að hundur geti orðið íslenskur sýningameistari (ISSCH) verður hann að hafa fengið þrjú stig til meistarara á þremur ræktunarsýningum HRFÍ. Hundur getur þó ekki orðið íslenskur sýningameistari nema því aðeins að hann hljóti a.m.k. eitt af þremur meistarastigum eftir 24 mánaða aldur. Gildir frá 1. janúar 2009.

Til að hundur geti orðið íslenskur meistari (ISCH) sbr. FCI (C.I.B. – International Beauty Champion) verður hann að hafa fengið þrjú stig til meistarara á þremur ræktunarsýningum HRFÍ, hjá þremur dómurum hjá þremur dómurum (ath. sérákvæði fyrir nokkrar tegundir veiði- og vinnuhunda, kafla XIII).

Hundur getur þó ekki orðið íslenskur meistari nema því aðeins að hann hljóti a.m.k. eitt af þremur meistarastigum eftir 24 mánaða aldur.

Athuga að breyta í sýningareglum til samræmis við ofangreint þ.e. íslenskur meistari og íslenskur sýningarmeistari.

Samþykkt

18. Fulltrúaráðsfundur í janúar/febrúar 2009

19. Önnur mál

- Bréf frá SKK breeding commission **A-2192a**
Svenska Kennelklubben's breeding commission wishes to inform and invite representatives (at their own cost) from the other Nordic countries breeding commissions to the enclosed conference.

20. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 28.janúar kl.16:00